

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Af öllum húseignum á svæði A á Keflavíkurflugvelli skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu Keflavíkurflugvallar, sbr. 17. gr. samþykktar um fráveitu á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirk á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og stjórn Isavia ohf. vegna Keflavíkurflugvallar ákveður fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu annarra fasteignagjalda.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Í þeim tilvikum sem Isavia ohf. vegna Keflavíkurflugvallar nýtir heimild samkvæmt 16. gr. samþykta um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 156.000. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í desember 2008, 478,8 stig.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af stjórn Isavia ohf. þann 1. desember 2010, sbr. samþykkt um fráveitu á Keflavíkurflugvelli frá 5. nóvember 2010, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2011.

Keflavíkurflugvelli, 1. desember 2010.

Í stjórn Isavia ohf.,

Þórólfur Árnason.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Jón Norðfjörð.

Ásta Rut Jónasdóttir.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

Ragnar Óskarsson.

Jóhanna Harpa Árnadóttir.